

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 174 11. mars 1980, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir Norðausturlandi allt árið á svæði, er að vestan markast af línu, sem dregin er 10° réttvisandi frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9) og að austan af línu, sem dregin er 360° réttvisandi frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 40 sjómílar utan við viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ennfremur allt árið á svæði, er að vestan markast af línu, sem dregin er réttvisandi 360° frá Langanesi og að austan af línu, sem dregin er 81° réttvisandi frá Langanesi. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 30 sjómílar utan viðmiðunarlínu.

Á tímabilinu frá og með 15. september til og með 31. janúar ár hvert eru ennfremur bannaðar veiðar með botn- og flotvörpu á svæði, sem að vestan markast af línu, sem dregin er réttvisandi 360° frá Rifstanga (viðmiðunarstaður 8) og að austan af línu, sem dregin er 10° réttvisandi frá Hraunhafnartanga. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 40 sjómílar utan við viðmiðunarlínu.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða þau viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. september 1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. september 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.